

RÍKISENDURSKOÐUN

# Landbúnaðarháskóli Íslands

Endurskoðun 2021



Endurskoðunarskýrsla

Maí 2023

# Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Landbúnaðarháskóla Íslands fyrir árið 2021.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi Landbúnaðarháskólans og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur Landbúnaðarháskólans eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.

Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.




Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

# Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Efnisyfirlit.....	3
1 Lykiltölur úr rekstri.....	5
2 Ábendingar og athugasemdir.....	6
3 Viðbrögð við ábendingum og athugasemdum.....	7
4 Áhættumat og mikilvægi.....	8
5 Fjárveiting og rekstur.....	9
5.1 Fjárveitingar.....	9
5.1.1 Fjárveiting – heimild til rekstrar.....	9
5.1.2 Fjárveitingar – heimild til fjárfestingar.....	9
5.2 Rekstraráætlun.....	9
5.3 Niðurstöður/ábendingar.....	10
6 Innra eftirlit.....	11
6.1 Inngangur.....	11
6.2 Umfjöllun.....	11
6.2.1 Eftirlitsumhverfi.....	11
6.2.2 Áhættumat.....	11
6.2.3 Eftirlitsaðgerðir.....	11
6.2.4 Upplýsingakerfi og upplýsingamiðlun.....	12
6.2.5 Samtímaeftirlit.....	12
6.3 Niðurstöður/ábendingar.....	12
7 Fylgni við lög og reglur.....	13
7.1 Inngangur.....	13
7.2 Umfjöllun.....	13
7.2.1 Samningar atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins og Landgræðsluskólans.....	13
7.2.2 Samningur vegna Landgræðsluskólans.....	13
7.2.3 Innkaupakort.....	13
7.2.4 Ferðakostnaður.....	13
7.2.5 Virðisaukaskattur.....	14
7.3 Niðurstöður/ábendingar.....	14

<b>8</b>	<b>Endurskoðun rekstrarliða</b>	<b>15</b>
8.1	Rekstrartekjur	15
8.2	Launakostnaður	15
8.3	Önnur rekstrargjöld	16
8.4	Niðurstöður	16
<b>9</b>	<b>Endurskoðun efnahagsliða</b>	<b>17</b>
9.1	Eignir	17
9.1.1	Fastafjármunir	17
9.1.2	Uppgjör vegna flutnings Garðyrkjuskólans að Reykjum	17
9.1.3	Kröfur	18
9.2	Eigið fé og skuldir	19
9.2.1	Eigið fé	19
9.2.2	Skuldir	19
9.3	Niðurstöður/ábendingar	19
<b>10</b>	<b>Önnur atriði</b>	<b>21</b>
10.1	Óhæðisyfirlýsing	21
10.2	Samþykki ársreiknings	21

# 1 Lykiltölur úr rekstri



## 2 Ábendingar og athugasemdir

Vakin er athygli á eftirfarandi ábendingum og athugasemdum en smávægilegum ábendingum var komið beint á framfæri við stjórnendur þegar endurskoðunarvinna fór fram.

1

### Fasteignir

Fasteignir sem eru skráðar í fasteignaskrá undir kennitölu Landbúnaðarháskólans koma ekki fram á eignaskrá og er gerð athugasemd vegna þess. Samkvæmt reikningsskilareglum ríkissjóðs skal eignfæra varanlega rekstrarfjármuni og einnig er gerð krafa í lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál að ríkisaðilar haldi eignaskrá þar sem varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir inn.

2

### Skráning verklagsreglna

Handbók í sambandi við fjármál og rekstur er ekki til staðar. Setja þarf skriflegar verklagsreglur fyrir alla mikilvæga bókhalds- og uppgjorsferla.

3

### Bankareikningar

Bankareikningar þriggja bankareikninga voru ranglega skráðir sem eign Landbúnaðarháskólans en eru eignir tveggja minningarsjóða. Ganga þarf betur frá skráningu og umsjón með framangreindum minningarsjóðum.

4

### Fjárhagslegt uppgjör vegna flutnings Garðyrkjuskólans að Reykjum

EKKI liggja fyrir upplýsingar frá háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti um fjárhagslegt uppgjör vegna flutnings Garðyrkjuskólans að Reykjum í Ölfusi til Fjölbrautaskóla Suðurlands. Mikilvægt er að slíkt uppgjör fari fram en í því felst m.a. uppskipting fastafjármuna milli skólanna.

### 3 Viðbrögð við ábendingum og athugasemdum

Í svari frá Landbúnaðarháskóla Íslands kemur fram að farið hefur verið yfir ábendingar og athugasemdir sem fram koma endurskoðunarskýrslu og er unnið að umbótum samkvæmt því sem fram kemur. Viðbrögð við því sem fram kemur í kafla 2 eru eftirfarandi:

1. Þennan lið þarf að vinna með Fjársýslunni og sendum við þeim fyrirspurn og fengum svar þess efnis að þeir litu svo á að þessar eignir ættu að vera í eigu ríkiseigna og þær myndu flytjast yfir til ríkiseigna, því var þetta ekki fært inn í eignaskrá.
2. Vinna við handbók um fjármál og rekstur er vel á veg komin.
3. Vinna við aðgreiningu minningarsjóða frá kennitölu Landbúnaðarháskóla Íslands er hafin.
4. Ekki hefur verið gengið formlega frá þessu af hálfu ráðuneytisins.

Ekki bárust formleg viðbrögð frá háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti við athugasemd um fjárhagslegt uppgjör vegna flutnings Garðyrkjuskólans að Reykjum í Ölfusi til Fjölbautaskóla Suðurlands.

## 4 Áhættumat og mikilvægi

Mat á áhættu og mikilvægi eru grundvallarþættir sem horft er til við skipulagningu og framkvæmd endurskoðunar. Þetta merkir að sjónum er sérstaklega beint að áhættusömum og verulegum liðum í reikningsskilunum. Leitast er við að skipuleggja endurskoðunina með skilvirkni í huga en liður í því er að taka mið af eftirlitsumhverfi skólans eins og kostur er. Lögð er áhersla á að yfirfara ferla í tengslum við gerð reikningsskilanna og verulega liði innan þeirra. Markmiðið með þessari yfirferð er meðal annars að afla upplýsinga um eftirlitsaðgerðir stjórnenda og að kanna virkni þeirra.

Eftirfarandi eru þeir liðir hjá Landbúnaðarháskólanum voru taldir skipta mestu máli vegna endurskoðunarvinnu á árinu.



Við skipulagningu endurskoðunar voru mikilvægismörk ákvörðuð sem 2% af rekstrargjöldum ársins, eða 41,4 m.kr. Með mikilvægismörkum er átt við hámark þeirrar fjármunalegu skekkju sem ekki er talin hafa áhrif á upplýstan lesanda reikningsskilanna. Mikilvægismörk eru því einn af grunnþáttum endurskoðunar og marka meðal annars umfang þeirra endurskoðunargagna sem aflað er. Eftir sem áður er öllum skekkjum, sem finnast og máli skipta, komið á framfæri við stjórnendur.

Við mat á áhættu og mikilvægi einstakra fjárlagaliða og stofnana eru jafnframt ákveðnir þættir hafðir til hliðsjónar, m.a. eðli og umfang fjárlagaliðar eða stofnunar, fyrri athugasemdir og fyrirkomulag bókhalds hjá stofnun.



## 5 Fjárveiting og rekstur

### 5.1 Fjárveitingar

#### 5.1.1 Fjárveiting – heimild til rekstrar

Fjárveiting ársins 2021 vegna rekstrar til Landbúnaðarháskólans nam 1.185,2 m.kr. eins og fram kemur í fylgiriti með fjárlögum 2021. Til viðbótar kom 5 m.kr. millifærsla af almennum varasjóði vegna endurmats á áhrifum kjarasamninga og 106,9 m.kr. millifærsla af fjárlagalið 02-298 *Styrkir á sviði háskóla- og vísindastarfsemi* vegna fjölgunar nemenda. Þá var rekstrarframlagi að fjárhæð 50 m.kr. breytt í fjárfestingarframlag í fjárukalögum vegna framkvæmda á Reykjum í Ölfusi. Tekjufærsla vegna frestaðra tekna vegna afskrifta nam 41,8 m.kr. Endanlegar fjárveitingar vegna reksturs Landbúnaðarháskólans námu því 1.288,9 m.kr. árið 2021.

Afkoma ársins hjá háskólanum var jákvæð um 32,8 m.kr. og eigið fé í árslok var jákvætt um 114,5 m.kr.

**Tafla 1 Samanburður á fjárveitingum og rekstri 2021**

Í þús.kr.	Fjárveiting 2021	Rekstur 2021	Frávik 2021	Rekstur 2020
Rekstrartekjur	-782.700	-812.617	29.917	-718.647
Launagjöld	1.268.107	1.092.969	175.138	961.982
Önnur rekstrargjöld	754.100	930.313	-176.213	918.704
Afskriftir	41.835	41.835	0	29.716
Rekstrartilfærslur	7.600	3.622	3.978	8.274
<b>Samtals</b>	<b>1.288.942</b>	<b>1.256.122</b>	<b>32.820</b>	<b>1.200.028</b>

#### 5.1.2 Fjárveitingar – heimild til fjárfestingar

Fjárfestingarframlag ársins 2021 skv. fylgiriti til fjárlaga 2021 til Landbúnaðarháskólans nam 40 m.kr. Með fjárukalögum 2021 bættust 50 m.kr. við eins og vikið var að hér að framan. Millifærslur af fjárlagaliðnum 02-269 *Stofnkostnaður háskóla* námu samtals 95 m.kr., annars vegar vegna endurbóta á Reykjum í Ölfusi 60 m.kr. og hins vegar til jarðræktarmiðstöðvar á sama stað að fjárhæð 35 m.kr. Fjárfestingarframlag ársins nam því 185 m.kr. árið 2021. Fjárfestingar ársins námu 119 m.kr. og færslur vegna sölu eigna 10,2 m.kr. Heimild til fjárfestingar í árslok var jákvæð um 69,1 m.kr. samanborið við neikvæða stöðu í upphafi árs um 8,4 m.kr.

### 5.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar og hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins.

Rekstraráætlun Landbúnaðarháskólans fyrir árið 2021 var skráð í fjárhagskerfi ríkisins Orra. Rekstraráætlun Landbúnaðarháskólans er skoðuð reglulega og kynnt háskólaráði. Afkoman var jákvæð um 32,8 m.kr. eins og fyrr sagði.

### 5.3 Niðurstöður/ábendingar

Eftirfarandi niðurstöður kom fram varðandi fjárveitingar og rekstur Landbúnaðarháskóla Íslands:

Afkoma ársins hjá háskólanum var jákvæð um 32,8 m.kr. og eigið fé í árslok var jákvætt um 114,5 m.kr. Rekstraráætlun fyrir árið 2021 var skráð í Orra og jákvæð staða fjárfestingarheimildar í árslok nam 69,1 m.kr.

## 6 Innra eftirlit

### 6.1 Inngangur

Rektor Landbúnaðarháskólans ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

### 6.2 Umfjöllun

#### 6.2.1 Eftirlitsumhverfi

Stjórn háskólans er falin háskólaráði og rektor. Háskólinn er með siðareglur, starfsmannastefnu, jafnlaunastefnu, stjórnskipulag, skipurit og skilgreind ábyrgðarsvið. Könnun á innra eftirliti leiddi í ljós ýmsa þætti sem stuðla að virku innra eftirliti en einnig ákveðna veikleika.

Handbók í sambandi við fjármál og rekstur er ekki til staðar. Skriflegar verklagsreglur hafa ekki verið settar m.a. verklagsreglur um afgreiðslu launa og um hlunnindi starfsmanna. Þó er skólinn með skriflega innkaupastefnu og leiðbeinandi reglur um vöru- og þjónustukaup. Lagt er til að skólinn auki skráningu verklagsreglna í sambandi við fjármál og bókhald og komi sér upp handbók.

#### 6.2.2 Áhættumat

Greining og mat á áhættuþáttum skapar grundvöll að viðeigandi viðbrögðum við þeim varðandi fjármál og rekstur. Áhættumat er varðar fjármál og rekstur er ekki til staðar hjá háskólanum.

#### 6.2.3 Eftirlitsaðgerðir

Landbúnaðarháskólinn sér sjálfur um færslu bókhalds í Orra og er því ekki í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins. Fimm starfsmenn starfa á fjármálasviði að meðtöldum rekstrarstjóra. Útgáfa reikninga vegna krafna er ekki aðskilin frá móttöku innborgana. Að mati skólans er erfitt að koma slíku við í lítilli rekstrareiningu. Bókanir eru hins vega yfirfarnar og afstemmdar af öðrum starfsmanni auk þess sem rekstrarstjóri fer yfir afstemmingar.

Varðandi innritunargjöld nemenda þá sendir nemendakerfið Uglya út innheimtukröfur. Greiðslurnar fara inn á sérstakan bankareikning. Gjaldkeri sér um að tekjufæra í viðskiptamannakerfi Orra (AR) og bókfæra greiðslu. Uglukerfið sækir greiðslur í bankareikninginn svo kennsluskrifstofan sér alltaf hverjir eru búnir að greiða. Ekki er opnað fyrir aðgang nemanda fyrr en greiðsla hefur borist.

Allar rekstrartekjur skólans eru færðar á verknúmer og eru bókaðar í gegnum viðskiptamannabókhald AR.

Fara þarf yfir aðgang starfsmanna að bankareikningum. Aðgangi að bankareikningum án nafns þarf að loka.

Loka þarf aðgangi að skráningu í bókhaldi fyrir eldra stofnananúmer. Skv. upplýsingum frá Landbúnaðarháskólanum hefur verið send beiðni um það til Fjársýslu ríkisins. Sömuleiðis þarf að fara yfir aðgang starfsmanna að fjárhagskerfi ríkisins, Orra, og fella niður aðgang þeirra sem eru hættir.

#### **6.2.4 Upplýsingakerfi og upplýsingamiðlun**

Landbúnaðarháskólinn nýtir fjárhagsbókhald ríkisins, Orra, og undirkerfi, þ.m.t. launakerfi ríkisins (HR). Skólinn er með eigið bókhald í Orra. Stofnunin nýtir rafrænt samþykktarkerfi. Haldið er utan um kostnað á einstök verkefni með skráningu vinnutíma á hvert verkefni í Vinnustund. AR kerfið í Orra er notað við tekjuskráningu og til að halda utan um innheimtu krafna.

#### **6.2.5 Samtímaeftirlit**

Fjárhagsstaða skólans er skoðuð reglulega yfir árið og kynnt háskólaráði. Eftirlit með launaafgreiðslu er í höndum rektors og launafulltrúa. Afstemmingar í bókhaldi eru framkvæmdar og yfirfarnar eins og fram kom hér að framan.

### **6.3 Niðurstöður/ábendingar**

Ýmsir þættir eru til staðar hjá Landbúnaðarháskólanum sem stuðla að góðu innra eftirliti hjá skólanum en könnun Ríkisendurskoðunar leiddi einnig í ljós veikleika. Eftirfarandi ábendingar og athugasemdir eru gerðar:

Handbók í sambandi við fjármál og rekstur er ekki til staðar. Skriflegar verklagsreglur eru heldur ekki almennt til. Lagt er til að Landbúnaðarháskólinn komi sér upp handbók í þessu sambandi sem er yfirfarin og uppfærð reglulega.

Fara þarf yfir aðgang starfsmanna að bankareikningum. Aðgangi að bankareikningum án nafns þarf að loka.

Fara þarf yfir aðgang starfsmanna að fjárhagskerfi ríkisins Orra og fella niður aðgang þeirra sem eru hættir. Einnig þarf að loka aðgangi að skráningu í bókhaldi fyrir eldra stofnananúmer.

## 7 Fylgni við lög og reglur

### 7.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur Landbúnaðarháskólans hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli og samninga þar sem það á við. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 5.

### 7.2 Umfjöllun

#### 7.2.1 Samningur við atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti

Samningur Landbúnaðarháskólans við atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti (nú matvælaráðuneyti) er um almennt rannsóknarstarf. Markmið samningsins er að vinna að verkefnum sem varða rannsóknir, þróun og nýsköpun á sviði landbúnaðar og matvælaframleiðslu. Meðal áhersluatriða má nefna: þekkingarlandbúnað, sjálfbærni, samkeppnishæfni, rannsóknir í umhverfismálum og aukið samstarf við bændur og aðra matvælaframleiðendur. Samningurinn gildir frá 1. mars 2020 til 28. febrúar 2023. Tekjur vegna samningsins námu 216,3 m.kr. Staðfest var að greiðslur ársins 2021 samkvæmt samningnum eru í samræmi við viðauka í fylgiriti með fjárlögum 2021.

#### 7.2.2 Samningur vegna Landgræðsluskólans

Umsýslu Landgræðsluskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna var breytt og heyrir nú undir Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu (GRÓ) í samvinnu við UNESCO. Samningurinn byggir á reglugerð nr. 1260/2019 um GRÓ - Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu. Samningurinn er á milli GRÓ sem er verkkaupi og Landgræðsluskólans sem er verksali. Samkvæmt samningnum annast Landbúnaðarháskólinn starfsemi Landgræðsluskóla GRÓ fyrir nemendur frá þróunarlöndum sem hluta af þróunaraðstoð Íslands. Samningurinn gildir frá 12. ágúst 2020 til ársloka 2023. Framlag samkvæmt samningi á árinu nam 126,0 m. kr. sem er í samræmi við ákvæði samningsins en raunkostnaður varð lægri en áætlað var vegna minni umsvifa sem skýrist af Covid-19.

#### 7.2.3 Innkaupakort

Hjá Íslandsbanka voru skráð í gildi 14 innkaupakort. Þess ber þó að geta að virkum innkaupakortum hefur fækkað.

Lagt er til að Landbúnaðarháskólinn dragi úr notkun innkaupakorta og stefni að því að allir almennir reikningar frá birgjum fari til samþykktar gegnum lánardrottnakerfi og þaðan til greiðslu hjá gjaldkera. Samkvæmt verklagsreglum Fjársýslu ríkisins er miðað við að kortið sé almennt notað í smærri viðskiptum og vegna kostnaðar á ferðalögum og sérstökum netviðskiptum þar sem þess er krafist að greitt sé með kreditkorti.

#### 7.2.4 Ferðakostnaður

Ferðareikningseyðublöð eru notuð vegna ferðakostnaðar erlendis og færslur eru í samræmi við reglur Fjársýslu ríkisins. Fyrirhugað er að taka upp ferðareikningakerfi ríkisins í Orra. Greiðslur fæðispeninga til nemenda í Landgræðsluskóla GRÓ voru færðar sem innlendir dagpeningar.

Taxti fyrir fæðispeninga er samkvæmt ákvörðun utanríkisráðuneytisins og kemur fram í viðauka við fyrrnefndan samning við GRÓ. Útreikningar vegna fæðispeninga voru kannaðir í úrtakskönnun. Ekki er gerð athugasemd við útreikning fæðispeninga en hins vegar er gerð athugasemd við að útreikningar eru ekki sýndir í fylgiskjölum með útborgun þeirra.

### 7.2.5 Virðisaukaskattur

Könnun á skilum virðisaukaskatts, bæði varðandi uppgjörssreikning í reglulegum skilum og varðandi endurgreiðslu á virðisaukaskatti af sérfræðipjónustu o.fl., leiddi í ljós að færslur og uppgjör í bókhaldi og greiðsluskil til skattýfirvalda voru í samræmi við stöðu í bókhaldi í árslok. Könnun á virðisaukaskatti var því án athugasemda.

## 7.3 Niðurstöður/ábendingar

Ekki verður annað séð en að Landbúnaðarháskóli Íslands fylgi lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald ríkisstofnana í A-hluta en bent er á eftirfarandi atriði sem fram komu við endurskoðun:

Lagt er til að Landbúnaðarháskólinn dragi úr notkun innkaupakorta til greiðslu fyrir viðskipti. Reglur Fjársýslu ríkisins gera ráð fyrir því að innkaupakort séu almennt notuð í smærri viðskiptum og vegna kostnaðar á ferðalögum og sérstökum netviðskiptum.

Í viðauka III í samningi við GRÓ er viðmiðunarfjárhæð tilgreind vegna innlendra fæðispeninga til nemanda en útreikningar þeirra koma ekki fram í fylgiskjölum og er óskað eftir að úr því verði bætt.

## 8 Endurskoðun rekstrarliða

Afkoma ársins var jákvæð um 32,8 m.kr. eins og fram kemur í kafla 5 og var eigið fé í árslok jákvætt um 114,5 m.kr.

### 8.1 Rekstrartekjur

Rekstrartekjur námu 812,6 m.kr. og jukust um 94,0 m.kr. frá árinu á undan eða um 13,1%. Aukningin skýrist einkum af meiri tekjum vegna rannsóknarverkefna og einnig af meiri tekjum vegna námskeiða.

Endurskoðun rekstrartekna byggðist á greiningu og úrtaksskoðun gagna, s.s. fylgiskjala og samninga. Hafa ber í huga að hlutfall rekstrartekna og eignatekna af heildartekjum var 38,7% árið 2021 í samanburði við 41,5% árið á undan. Þetta hlutfall er tiltölulega hátt miðað við það sem almennt gerist hjá A-hluta stofnunum.

Samningi við atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti (nú matvælaráðuneyti) um rannsóknarstarf er lýst nánar hér að framan í kafla 7. Einnig var samningi Landbúnaðarháskólans við GRÓ - Þekkingarmiðstöð um þróunarsamvinnu lýst í þeim kafla.

Aðrar rekstrartekjur en þær sem koma frá framangreindum tveimur samningum eru einkum framlög vegna ýmissa rannsóknarverkefna. Meðal annarra tekna má nefna tekjur af innritunargjöldum og námskeiðum, húsaleigu, námsskeiðsgjöld og innritunargjöld nemenda.

Lotun tekna vegna styrkja var könnuð.

Endurskoðun tekna var án athugasemda.

### 8.2 Launakostnaður

Launakostnaður nam 1.083,8 m.kr. án starfsmannakostnaðar og hækkaði um 13,5% frá fyrra ári. Ársverk árið 2021 voru 92,5 skv. upplýsingum Fjársýslu ríkisins og fjölgaði um 6,6 sem er 7,7% aukning frá fyrra ári. Aukningin skýrist af meiri umsvifum vegna fjölgunar nemenda og vegna fleiri rannsóknarverkefna. Fram komu nokkrar fyrirspurnir í tengslum við gagnagreiningu og fengust greið svör við þeim.

Úrtakskönnun launa leiddi í ljós að frágangur og form gagna að baki launaafgreiðslu reyndist ekki vera í nægjanlega góðu horfi og er gerð athugasemd vegna þess. Könnun skv. úrtaki leiddi í ljós tilvik þar sem ráðningasamningar höfðu ekki verið undirritaðir. Sama gildir um breytingar á ráðningakjörum. Í 4. gr. reglugerðar nr. 351/1996 kemur fram að afmarkaðar breytingar á ráðningakjörum skuli staðfesta skriflega. Þess skal þó getið að Landbúnaðarháskólinn svaraði athugasemdum með því að senda afrit af tölvupóstum og önnur undirrituð gögn til útskýringar og til stuðnings ákvörðunum um launakjör. Reglurnar eiga sér m.a. stoð í 42. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

### 8.3 Önnur rekstrargjöld

Önnur rekstrargjöld námu 984,9 m.kr. með starfsmannakostnaði. Hækkun milli ára var um 20,7 m.kr. eða 2,2%.

Gerð var úrtakskönnun annarra rekstrargjalda. Stærstu liðirnir í þeim eru húsnæðiskostnaður, einkum húsaleiga af húsnæði hjá Framkvæmdasýslunni – Ríkiseignum (FSRE), og aðkeypt sérfræðipjónusta. Hækkun umfram verðlag má einkum skýra með auknum leigugreiðslum vegna námskeiða á vegum endurmenntunar og tengist hestamennsku. Einnig má nefna að nemendur á vegum GRÓ (í sex mánaða námi) komu ekki árið 2020 vegna Covid-19 en komu árið 2021 sem hafði áhrif til hækkunar rekstrarkostnaðar. Aðkeypt sérfræðipjónusta hækkaði sömuleiðis sem rekja má til áhrifa Covid-19. Þar var einkum um að ræða aukningu í stundakennslu árið 2021 sem tengist auknu námskeiðahaldi og greiðslur vegna kennslu á vegum GRÓ. Stundakennsla er ýmist unnin af kennurum Landbúnaðarháskólans en einnig er samið við ytri aðila um slíka þjónustu. Kostnaður vegna mannvirkjagerðar lækkaði hins vegar árið 2021 vegna minni framkvæmda, einkum að Reykjum í Ölfusi.

Hækkun kostnaðar milli ára má einkum skýra með áhrifum frá Covid-19 þar sem umsvif í rekstrinum voru minni árið 2020 en 2021.

Sendar voru fyrirspurnir vegna einstakra rekstrarliða sem valdir voru til skoðunar og fengust greið svör við þeim.

Endurskoðun annarra rekstrargjalda var án athugasemda.

### 8.4 Niðurstöður

Eftirfarandi athugasemd kom fram við skoðun rekstrarliða:

Gerð er athugasemd við frágang gagna í launakerfi og er óskað eftir því að úr því verði bætt.



## 9 Endurskoðun efnahagsliða

Í árslok 2021 námu eignir háskólans 894,8 m.kr., skuldir námu 780,3 m.kr. og eigið fé var jákvætt um 114,5 m.kr.

### 9.1 Eignir

#### 9.1.1 Fastafjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir námu 359,4 í árslok samanborið við 290,7 m.kr. árið á undan. Einkum er um að ræða áhöld, búnað, farartæki og vélar.

Könnun á eignaskrá leiddi í ljós mismuni við bókhald samtals að fjárhæð 669 þús.kr. Þeir mismunir hafa verið skýrðir og koma til leiðréttingar á árinu 2022.

Fjölmargar fasteignir eru skráðar í fasteignaskrá undir kennitölu Landbúnaðarháskólans. Annars vegar er um að ræða eignir sem eru taldar tilheyra Landbúnaðarháskólanum og hins vegar eignir á Hvanneyri sem ekki eru á vegum skólans. Gerð er athugasemd við að fasteignir sem tilheyra Landbúnaðarháskólanum séu ekki skráðar í eignakerfi skólans. Samkvæmt reikningsskilareglum ríkissjóðs skal eignfæra og afskrifa varanlega rekstrarfjármuni og einnig er gerð krafa í lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál að ríkisaðilar haldi eignaskrá þar sem varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir inn.

Á eignaskrá Landbúnaðarháskólans eru færðar til eignar endurbætur á húsnæði að Hesti í Borgarfirði og endurbætur á jörðinni, samtals að fjárhæð 44 m.kr., samkvæmt tilmælum frá Fjársýslu ríkisins. Afskriftir reiknast ekki af fjárhæðinni.

Eignarhlutir í 10 félögum, samtals að fjárhæð 71,1 m.kr., eru tilgreindir í ársreikningi. Stærst er Hvanneyrarbúið ehf. sem sér um rekstur skólabúsins á Hvanneyri. Félagið er fært skv. hlutdeildaraðferð í ársreikningi á bókfærðu virði 61,4 m.kr. Tveir aðrir eignarhlutir eru færðir skv. hlutdeildaraðferð þó eign sé undir 20%. Í öðrum tilvikum er hlutdeild í sjálfseignarstofnunum færð skv. kostnaðarverðsaðferð. Eignarhlutur skólans í þeim félögum er mjög lítill.

#### 9.1.2 Uppgjör vegna flutnings Garðyrkjuskólans að Reykjum

Á árinu 2022 var ákveðið að flytja Garðyrkjuskólann að Reykjum í Ölfusi, sem var hluti af starfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands, til Fjölbrautaskóla Suðurlands. Samkvæmt upplýsingum skólans hefur ekki verið gengið frá formlegu uppgjöri vegna flutningsins. Ríkisendurskoðun hefur óskað eftir nánari upplýsingum frá háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti um fjárhagslegt uppgjör milli aðila vegna flutningsins en í slíku uppgjöri felst m.a. uppskipting fastafjármuna. Skráning þessara fastafjármuna er í eignakerfi á fjárlaganúmeri Landbúnaðarháskólans.

Svar frá ráðuneytinu hafði ekki borist þegar þessi skýrsla var kláruð.

### 9.1.3 Kröfur

Krafa á tengda aðila nam 357,4 m.kr. Krafa á ríkissjóð vegna orlofsskuldbindinga nam 90,5 m.kr. en um er að ræða kröfu sem færð var árið 2017 sem áfallin skuldbinding í upphafi þess árs samkvæmt fyrirætlum Fjársýslu ríkisins í tengslum við samþykkt laga um opinber fjármál. Greiðslustaða við ríkissjóð var jákvæð um 267,0 m.kr. í árslok 2021.

Staða viðskiptakrafna í árslok hefur verið afstemmd. Einnig liggur fyrir að ekki er búið að færa endanlega úr bókhaldi tapaðar kröfur frá tímabilinu 2012-2017 sem ekki hefur tekist að innheimta. Búið var að færa umræddar kröfur niður með óbeinni afskrift og afskriftarheimild frá Ríkisendurskoðun er fyrirbyggjandi.

#### Handbært fé

Við endurskoðun handbærs fjár voru send út staðfestingarbréf til viðskiptabanka og fengust svör bæði um stöðu vörslureikninga og almennra bankareikninga skólans. Skólinn er með átta virka bankareikninga að fjárhæð 70,8 m.kr. fyrir utan vörslureikninga. Þeir reikningar voru allir afstemmdir í árslok og bar stöðu í bókhaldi saman við yfirlit hjá bankastofnunum í árslok 2021. Á árinu 2021 er áætlað að endurmeta notkun bankareikninga skólans með það að leiðarljósi að fækka þeim.

Auk þess kom fram staða þriggja bankareikninga samtals að fjárhæð 54,7 m.kr. í eigu minningarsjóða sem voru ranglega skráðir í banka sem eign Landbúnaðarháskólans. Landbúnaðarháskólinn er vörsluaðili þessara minningarsjóða. Annars vegar er um að ræða Minningarsjóð Hjartar Snorrasonar og Ragnheiðar Torfadóttur með tvo bankareikninga í Arion banka að fjárhæð 41,3 m.kr. Minningarsjóðurinn er með staðfesta skipulagsskrá og ber að skila ársreikningi árlega til Ríkisendurskoðunar. Það hefur ekki verið gert síðan 2017. Hins vegar er um að ræða inneign á bankareikningi hjá Kviku banka að fjárhæð 13,4 m.kr. Framfararsjóður Ingibjargar Guðmundsdóttur og Þorvaldar Guðmundssonar í Síld og Fisk er skráður eigandi fjárens. Þeim sjóði var slitið árið 2012. Ekki hefur verið gengið frá þessu máli með formlegum hætti.

Gerð er athugasemd um að bankareikningarnir voru skráðir sem eign Landbúnaðarháskólans en voru í eigu minningarsjóða. Tryggja þarf að bankareikningar minningarsjóða séu ekki skráðir í banka sem eignir Landbúnaðarháskólans. Koma þarf málum þessara framangreindu minningarsjóða í réttan farveg.

#### Sjóður

Skólinn er með opinn sjóð sem notaður hefur verið sem skiptimynt. Sjóðurinn stóð í 28.600 kr. í árslok. Að mati Ríkisendurskoðunar myndi það styrkja innra eftirlit að loka þeim sjóði og hvetja þá aðila sem hafa nýtt sér þetta greiðsluform að nota þess í stað greiðslukort í banka. Þetta á bæði við nemendur og starfsmenn.

#### Vörslureikningar

Vörslureikningar voru samtals að fjárhæð 263,2 m.kr. í árslok 2021. Um er að ræða sjö vörslureikninga hjá skólanum. Upplýst var um að einn reikninganna er vegna skilyrts arfs til skólans. Aðrir vörslureikningar eru vegna verkefna sem skólinn hefur tekið að sér á vegum kennslu og rannsókna og tengjast allir erlendu samstarfi.

Allir vörslureikningar skólans reyndust vera afstemmdir í árslok og bar stöðu í bókhaldi saman við yfirlit frá bankastofnunum í árslok 2021.

## **9.2 Eigið fé og skuldir**

### **9.2.1 Eigið fé**

Eigið fé nam 114,5 m.kr. í árslok en var 81,7 m.kr. í ársbyrjun. Breytingin milli ára nemur afkomu ársins.

### **9.2.2 Skuldir**

Skuldir við tengda aðila námu 186,4 m.kr. Af þeirri fjárhæð er skuld við FSRE 99,3 m.kr. Sú skuld tengist framkvæmdum á Garðyrkjuskólanum að Reykjum í Ölfusi og er enn óuppgerð. Eins og fram hefur komið fluttist Garðyrkjuskólinn til Fjölbautaskóla Suðurlands á árinu 2022.

Viðskiptaskuldir voru 34,9 m.kr. í árslok.

Skuldaliðir reyndust vera afstemmdir. Staða viðskiptamanna í fjárhag (GL) og viðskiptamannabókhaldi (AP) stemmir en staða í árslok 2021 nam 139,8 m.kr.

### **Orlofsskuldbinding**

Orlofsskuldbinding og annar frítökuréttur nam 130,6 m.kr. í árslok.

### **Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimildar**

Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimildar nam 359,4 m.kr. í árslok sem endurspeglar bókfært virði fastafjármuna á efnahagsreikningi. Við þá fjárhæð bætist síðan ónotuð fjárveiting til fjárfestingar að fjárhæð 69,1 m.kr.

## **9.3 Niðurstöður/ábendingar**

Eftirfarandi athugasemdir og ábendingar eru gerðar vegna efnahagsliða hjá Landbúnaðarháskólanum:

Fasteignir sem eru skráðar í fasteignaskrá undir kennitölu Landbúnaðarháskólans koma ekki fram á eignaskrá og er gerð athugasemd vegna þess. Samkvæmt reikningsskilareglum ríkissjóðs skal eignfæra varanlega rekstrarfjármuni og einnig er gerð krafa í lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál að ríkisaðilar haldi eignaskrá þar sem varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir inn.

Gerð er athugasemd um að þrír bankareikningar í eigu minningarsjóða voru skráðir sem eign Landbúnaðarháskólans. Tryggja þarf að bankareikningar minningarsjóða séu ekki ranglega skráðir í banka sem eignir Landbúnaðarháskólans. Koma þarf málum þessara framangreindu minningarsjóða í réttan farveg.

Mismunir að fjárhæð 669 þús.kr. komu fram í eignaskrá. Skýringar liggja fyrir á þeim mismunum sem þar kom fram og verða þeir leiðréttir á þessu ári samkvæmt upplýsingum Landbúnaðarháskólans.

Lagt er til að kannað verði hvort ekki megi fækka bankareikningum hjá Landbúnaðarháskólanum.

Ekki er búið að færa endanlega úr bókhaldi tapaðar kröfur sem höfðu verið færðar niður með óbeinni afskrift. Mælst er til að viðeigandi færslur séu gerðar í bókhaldi og kröfur færðar endanlega úr viðskiptamannabókhaldi skólans.

Ekki liggja fyrir upplýsingar frá háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti um fjárhagslegt uppgjör vegna flutnings Garðyrkjuskólans að Reykjum í Ölfusi til Fjölbrautaskóla Suðurlands. Mikilvægt er að slíkt uppgjör fari fram en í því felst m.a. uppskipting fastafjármuna milli skólanna.

## 10 Önnur atriði

### 10.1 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Landbúnaðarháskóla Íslands.

### 10.2 Samþykki ársreiknings

Ársreikningur Landbúnaðarháskólans fyrir 2021 var samþykktur 15. júní 2022. Einnig var staðfestingarbréf stjórnenda undirritað sama dag.

Ríkisendurskoðun  
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík  
Sími 448-8800  
[postur@rikisendurskodun.is](mailto:postur@rikisendurskodun.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)

